

Atvinnuvegaráðuneytið

Reykjavík, 4. júní 2025

Borgartúni 26

105 Reykjavík

Sent í samráðsgátt

Efni: Umsögn um áform um lagasetningu um rýni á fjárfestingum erlendra aðila vegna þjóðaröryggis og allsherjarreglu

Samtök atvinnulífsins, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, SVP-Samtök verslunar og þjónustu, Samtök iðnaðarins, Samtök ferðaþjónustunnar, Samorka, Samtök fyrirtækja í fjármálaþjónustu og Viðskiptaráð Íslands (samtökin) hafa tekið til umsagnar áformaskjal atvinnuvegaráðherra um lagasetningu um rýni á fjárfestingum erlendra aðila vegna þjóðaröryggis og allsherjarreglu sem birt var í samráðsgátt stjórnvalda 7. maí sl. Samtökin styðja setningu rýnilöggjafar en árétta að hún megi ekki ganga of langt í umfangi og mikilvægi þess að hún sé einföld og skýr.

Samtökin skiluðu umsögn um frumvarp sama efnis á 154. löggjafarþingi, dags. 8. apríl 2024, en það frumvarp náði ekki fram að ganga. Samtökin lögðust þá gegn samþykkt frumvarpsins eins og það var lagt fram, ekki síst vegna þess að gildissvið frumvarpsins þótti of óskýrt, of víðtækt og til þess fallið að hafa hamlandi og þar með neikvæð áhrif á erlenda fjárfestingu á Íslandi.

Það frumvarp sem nú er í vinnslu er byggt á fyrri vinnu og mun taka mið af þeim umsögnum og ábendingum sem bárust við fyrra frumvarp og þeirri þróun sem orðið hefur í alþjóðamálum undanfarin ár. Líkt og áður verða með frumvarpinu lögð til heildarlög um rýni á fjárfestingum erlendra aðila vegna þjóðaröryggis og allsherjarreglu. Vísar hugtakið „rýni“ í því samhengi til mats og greiningar á því hvort viðskiptaráðstafanir sem tryggja erlendum aðilum eignaraðild, veruleg áhrif eða yfirráð yfir atvinnufyrirtækjum á Íslandi, ógni þjóðaröryggi eða allsherjarreglu.

Samtökin taka undir mikilvægi þess að hér á landi verði sett rýnilöggjöf um erlendar fjárfestingar. Breyttar aðstæður á alþjóðamörkuðum, meðal annars vegna gervigreindarbyltingarinnar og aukinnar áherslu á öryggis- og varnarmál, kalla á að sett sé rýnilöggjöf sem stenst alþjóðlegan samanburð. Slík löggjöf, að því gefnu að hún sé einföld, gagnsæ og skýr, getur þannig stutt við erlenda fjárfestingu. Samtökin vilja þó árétta nauðsyn þess að við slíka lagasetningu sé ekki gengið lengra en nauðsynlegt er til að gæta samræmis milli ríkja. Má þannig koma í veg fyrir séríslenska útgáfu af regluverki sem getur verið hamlandi fyrir erlenda fjárfestingu. Samtökin fagna því að hafin sé vinna við að yfirfara og uppfæra fyrra frumvarp, enda ljóst að það var talsverðum annmörkum háð. Samtökin vísa til þeirra sjónarmiða sem fram komu í fyrri umsögn og binda vonir við að til þeirra verði litið við gerð nýrra frumvarpsdraga.

Samtökin hvetja til þess að endurskoðun regluverks um erlendar fjárfestingar fari fram á heildrænum og samþættum grunni með það að markmiði að laða að erlendra fjárfestingu.

Endurskoðun á þeim forsendum er að mati samtakanna mun skynsamlegra upplegg en að áherslan sé einvörðungu lögð á rýni og takmarkanir á slíkum fjárfestingum. Í því samhengi vilja samtökin árétta að erlend fjárfesting er mikilvæg fyrir framfarir og stuðlar að bættum lífskjörum og að kostir erlendra fjárfestingar eru ótvíræðir fyrir hagkerfið í heild sinni. Ljóst er að alþjóðleg samkeppni ríkir um fjármagn og það hversu eftirsóknarverð fjárfesting er ræðst að miklu leyti af lagaumgjörð um fjárfestingu og atvinnurekstur sem til staðar er í hverju landi fyrir sig. Það er því mikilvægt að vanda vel til verka og gæta hófs við lagasetningu sem snýr að fjárfestingarumhverfinu og ganga úr skugga um að ábatinn af slíkri löggjöf sé meiri en kostnaðurinn.

Að lokum vilja samtökin lýsa sig reiðubúin til frekara samráðs og samtals vegna fyrirhugaðrar lagasetningar.

Virðingarfyllst,



f.h. Samtaka atvinnulífsins



f.h. Samtaka iðnaðarins



f.h. Samtaka ferðaþjónustunnar



f.h. Samorku



f.h. Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi



f.h. Samtaka verslunar og þjónustu



f.h. Viðskiptaráðs Íslands



f.h. Samtaka fyrirtækja í fjármálaþjónustu